

Helga Sigurjónsdóttir:

VEGANESTI – ræða flutt á Vorþingi Kvennalistans í Skálholti 26. maí 1991.

Það er mikill ábyrgðarhluti að búa folk út til ferðar, sérstaklega ef óljóst er um ferðalok. Þá er vissara að nestið sé staðgott og endist lengi. Í ævintýrunum fóru synir að heiman, ekki dætur, þær biðu heima eftir prinsinum. Þær burftu þess vegna ekkert nesti. En það er liðin tíð. Dæturnar fara að heiman ein af annarri og þurfa kjarngett nesti í malpokann sinn. Og nestið útbúum við – ömmur, mæður og frænkur – sem vitum lengra nefi okkar.

Vitum, segi ég. Já, við sem höfum lengi starfað að kvenfrelsismálum höfum lært margt og séð enn fleira. Við erum vissulega komnar nokkuð áleiðis á göngunni löngu og á þessu þingi eru íslenskar kvennalistakonur í áningarástað. Allar eru þreyttar og vegmóðar en vonandi engin uppgefin með öllu og að niðurlotum komin. En hvort sem þreytan er meiri eða minni reynir nú sem aldrei fyrr á styrk okkar, þolinmæði og þrautseigju. Nú er það innri styrkur okkar, trúin á málstaðinn, hugsjón kvenfrelsis og mannréttinda, sem verður sá mælikvarði sem mælt verður á. Kjarkur okkar og dirfska mun skipta sköpum, augu heimsins hvíla á okkur vegna þess að boltinn er hjá okkur, íslenskum konum, sem höfum farið nýjar leiðir í kennabaráttu. Það er undir okkur komið hvort sönnuð verður eða afsönnuð goðsagan um sterku konurnar íslensku.

Ég ætla nú að víkja að þróun hreyfinga. Guðbergur Bergsson hefur sagt í blaðagrein að hreyfingar hvers konar verði yfirleitt skammlífar, lífi 3 - 5 ár í hæsta lagi. Þá sé krafturinn úr flestum og aðeins fáir sitji eftir í hálfdaudri hreyfingu sem lognist síðan út af. Ég get tekið undir þetta og hef þar Rauðsokkahreyfinguna sem dæmi. Hún hófst af miklum krafti, fjöldi kvenna starfaði þar af lífi og sál í 3 - 4 ár en þá tók að dofna yfir henni og að lokum gaf hún upp andann. Hún náði því ekki almennilega að slíta barnsskólum hvað þá að komast í tölu fullorðinna. Kvennalistinn reis á rúsum Rauðsokkahreyfingarinnar og nú þarf hann að fá nýja skó og ný fót af því að hann er að vaxa upp úr gömlu barnafötunum sínum. Hann er líklega kominn í tölu fullorðinna. En þó að hann sé ungar er kennabaráttan gömul. Meira og minna skipulögð kennabaráttu er a.m.k. 350 ára gömul, segir Eli nokkur Sagan, sem ég mun tala meira um í erindi mínu síðar, og engin þreytumerki á henni að sjá. Hún deyr ekki út ekki fremur en barátta mannkyns fyrir frelsi. Kvennabaráttu er hluti af mannréttindabaráttu sem sprettur af þeirri þrá mannsins að vera ábyrgur

og frjáls í mannlegu samfélagi. Hún er tilkomin fyrir þörf hans fyrir sjálfsvirðingu og löngun hans til að hafna hvers konar ofbeldi og kúgun. Þessi þrá mun aldrei hverfa því að hún er í sjálfu erfðaefnинu. Hún er ein af frumpörfum mannsins, eins raunveruleg og þörfin fyrir ást og umhyggju og mun lífa meðan heimur stendur. Eða hvað sagði ekki Landbergis, forseti Litháa er hann var hér á landi í fyrrahaust: "Frelsið er dýrmætara en brauðið". Engin efnahagskerfi og engar fræðikenningar fá neinu breytt þar um. Hins vegar mun enn verða beitt ofbeldi til þess að bæla niður þessa frelsispörf mannsins og vernda þar með hagsmuni þeirra sem hafa hag af ófrelsi annarra. Samt munu alltaf verða margir sem þora, vilja og geta risið upp og sagt hug sinn. Sagt það sem ekki má segja.

Það hafa konur gert lengi og það eru kvennalistakonur að gera núna.

Þetta er grundvöllur kvenfrelsisbaráttu og þetta er líka grundvöllur Kvennalistans. Hann er aðeins einn hlekkur í langri keþju en hvorki upphaf né endir eins eða neins. Kvennabaráttá á Íslandi hófst ekki með honum og henni mun ekki ljúka þó að Kvennalistinn verði ekki lengur til. Um þessar mundir er boltinn hins vegar hjá Kvennlistanum - hann "er með" kvenfrelsisbaráttuna á Íslandi ef svo má segja. En innan Kvennalistans eru margar konur sem eru byrjendur í kvennabaráttu. Þeim finnst eflaust að lítið gangi og hægt miði og þær eru orðnar óþolinmóðar, þeim finnst þær hafa starfað svo lengi og unnið svo mikil og svo lítið hafa áunnist. Er þetta ekki allt unnið fyrir gýg, hugsa þær með sér? Til hvers er allt þetta streð? Það gerist ekkert hvort sem er? Bara erfiðoleikar? Er ekki best að hækta og snúa sér að öðru sem ber meiri og skjótari árangur? Það er skiljanlegt eftir kosningaósigur og annað andstreymi sem nýlendum í kvennabaráttu og jafnvel öðrum gamalreyndum finnst erfitt að standa frammi fyrir. Það er svo miklu auðveldara að baða sig í fræðgarsólinni, stökkva hæð sína í loft upp yfir háum kosningatölum og fara út í heim og segja frá glæstum árangri íslenskra kvenna en að standa stöðugar þegar á móti blæs. Þetta er sami tónninn og var í Rauðsokkahreyfingunni fyrir 10 árum. Þá var talað um að ekkert gerðist, allt væri staðnað, það þyrti eitthvað nýtt að koma til, eitthvað sem endurlífgaði gamla baráttuandann og tilfinninguna frá fyrstu rauðsokkaárnum.

En ef við skoðum söguna rólega og yfirvegað er engin ástæða til æðibunugangs. Því síður er ástæða til uppgjafar. Við skulum nú athuga nánar hvernig hreyfingar þær, sem Guðbergur Bergsson tala um, þróast og leita einnig svara við því hvers vegna krafturinn fer úr þeim. Mér virðist þeim farið líkt og einstaklingi sem vex upp, leikur sér sem barn, þroskast síðan og fullorðnast og veit að í lífinu skiptast á skin og skúrir. Ef við höldum þessari likingu við lífið ættu allar hreyfingar að enda líf sitt þegar ellin tekur við, þegar hreyfingin hefur lokið starfi sínu og skilað af

sér til næstu kynslóðar. Samkvæmt þessu gengur hreyfing í gegnum þrjú æviskeið eða tímabil. Híð fyrsta kalla ég leik, það næsta vinnu og híð síðasta proska.

Leikur.

Hópurinn hefur uppgötvað eitthvað nýtt, "séð ljósið" eða "fundíð sannleikann". Allt er gaman og spennandi, svo spennandi að naumast er hægt að ganga til náða á kvöldin. Biðin eftir morgundeginum verður óþoliandi af því að þá á að gera svo margt skemmtilegt. Tala um málið - hugsjónina - tala við baráttufélagana sem auðvitað eru vinkonur um leið. Nýjar hugmyndir vella og flæða, þetta er lífandi skóli þar sem gróandinn er svo mikill og ör að maður sér grasið spretta og nemendurnir hafa ekki undan. Og nemendurnir eru ekki sljóir viðtakendur. Nei, ekki aldeilis. Hér eru allir nemendur og allir kennrarar, hlið við hlið og hver kennir öðrum. Og námsefnið, það er ekkert slor. Það er lífið sjálft og ör ~~þeg~~ manna geta ráðist af því sem hreyfingin "okkar" gerir. Það er von að gleðin sé mikil og ábyrgðin þung. Jafnvel heimili og börn verða að víkja um sinn af því að verið er að bjarga heiminum í bókstaflegri merkingu. Einkunnarorð þessa skeiðs gætu verið þessi: *Leikur - gáski - gróandi - líf.*

Ég áttaði mig á þessu þegar Ingibjörg Sólrún talaði við mig í Viðtalinnu endalausa í tímaritinu *Veru* fyrir nokkrum árum. Hún fór að tala um "sumarið þegar allt varð til", spennuna þá og gamanið. Ég skildi ekkert, kannáðist ekki við þessa tilfinningu. Ég fann ekki fyrir þeirri gleði sem flestar þá upplifðu, ég hafði gengið í gegnum það skeið 10 árum áður, í Rauðsokkahreyfingu með vinkonum minum og hugsjónafélögum. Slíkt er ekki unnt að endurtaka, tilfinningin kemur ekki aftur af því að maður er staddur á öðru skeiði í tilverunni. En hugsjónin er þar eigi að síður - og þekkingin jafnvel örlitið meiri. Og sjáanlegar leiðir að markinu fleiri. Þetta minnti mig á það þegar ég gat ekki lengur leiðið mér í dúkkuleik við systur mína sem er einu og hálfu ári yngri en ég. Dúkkuleikur var uppáhaldsleikurinn okkar árum saman en skyndilega og nánast fyrirvaralaust var ekki lengur gaman að leika sér að dúkkum. Ég man að ég reyndi að leika mér lengur af því að mér fannst ég hálfvegis vera að svíkja litlu systur mína. Mér þótti þetta leiðinlegt en hvernig sem ég reyndi gat ég ekki láttist. Leikgjáðin var horfin vegna þess að ég var að færast upp á næsta þroskastig - fullorðinsstigið. Það hljómar kannski hrokafullt en þannig leið mér þegar verið var að ræða um nýja kvennahreyfingu og hugsanlegt kvennaframboð fyrir 10 árum. Mig langaði til að fræða, jafnvel predika vegna þess að ég taldi mig vita ýmislegt sem nýliðar vissu ekki.

Vinna.

En þetta leiktimabil tekur enda en er nauðsynlegt upphaf hreyfinga. Þegar því lýkur má búast við því að margar vilji ekki vera með lengur. Sumar vilja bara leika sér og við því er ekkert að gera. Á þessu stigi kemur í ljós mikill munur á einstaklingum, munur á persónuleika manna. EKKI er um það að ræða hvort viðkomandi er góður eða slæmur heldur hvort hann er hugsjónamæður eða ekki. Hvort málefnið, sem hann berst fyrir, grundvallast á lífandi hugsjón, logandi eldi sem brennur eða hvort fremur er um að ræða óljósar hugmyndir og þokkennd markmið. Þá er visast aðeldurinn sé aðeins glæður einar. Eli Sagan segir í bók sini *Women, Freud and Morality*, útg. 1988, að hér sé um að ræða **sálræna þörf** fyrir sannleika og réttlæti. Hún segir að "sumir hafi, í ríkara mæli en aðrir, hæfileikann til að alhæfa síðferðileg spursmál. Sliku fólk verður hugsjónin - þörfin fyrir síðræna hegðun - lífsspursmál". (206). Við þekkjam sögu margra slikra manna sem jafnvel létu lífið fyrir hugsjón sína. Hvað var það annað en slik þörf sem fékk Galileo til að tauta í lok réttarhaldanna þegar hann var dæmdur í stofufangelsi til dauðadags: "Og samt snýst hún". Hann tók mikla áhættu með þessu tauti sínu en gat ekki að sér gert. Eða Jón Sigurðsson á Þjóðfundinum 1851 þegar hann reis upp og mótmælti hátt og einarðlega yfirlangal Dana og ofbeldi því sem þeir vildu beita fulltrúa Íslands á fundinum. Þörf hans fyrir réttlæti og sannleika kostaði hann bæði fé og fyrirhöfn og hann fékk aldrei fast embætti á Íslandi þó að hann sæktist eftir því.

Já, er ekki margfalt auðveldara að stinga hausnum í sandinn og láta slag standa, vera ekkert að þessu streði dag út og dag inn. Jafnvel árum og áratugum saman? Og er ekki allt afstætt hvort eð er, ekkert "rétt" og ekkert "rangt"? Vissulega læðast að manni súkar hugsanir oft og iðulega. Stundum hef ég jafnvel haldið að þetta væri hreint og beint geðveiki eða þráhyggja. En bókin sem ég nefndi áðan og las í fyrrasumar varð mér til ólíisanlegs hugariéttis. Þar segir að einmitt hugsjónamenn breyti heiminum - aðrir ekki. Fyrir atbeina þeirra verði framfarir þó að stundum virðist menn færast aftur á bak en ekki áfram. Við getum litið í kringum okkur og staðfest þetta í mörgum greinum. Sjálf tel ég það vera einkum að þakka konum og auknu frelsi þeirra. Meðan þær voru lokaðar inni á heimilum sínum vissu þær ekki hvernig stofnanir þjóðfelgasins voru og gátu ekki haft áhrif til góðs. Um leið og þær komu á vettvang með hlýju sína og ástúð töku stofnanirnar að mýkjast og batna. Litum t.d. á skóla og sjúkrahús, hversu mikil hafa ekki þessar stofnanir breyst til batnaðar á einungis fáum árum? Eða viðhorf og framkoma við veika, fatlaða og gamla? Sjáld allar þessar góðu konur og stúlkur sem sinna gamla fólkini á öldrunardeildunum? Þar er ekki fyrir að fara hörku eða óþolinmæði. Eli Sagan fullyrðir að fyrir atbeina hugsjónamanna og mannvína hafi allt þetta og margt fleira breyst mikil til batnaðar á fáum áratugum. Það

verði breytingar til batnaðar þegar á heildina er litið milli kynslóða. Vegna starfa hugsjónamanna fari ný kynslóð fram úr foreldrum sínum. Ef við skyggnumst 200 ár aftur í tímann getum við fullyrt að meiri mannúð sé ríkjandi á Íslandi nú en þá. Okkur kemur ekki til hugar lengur að loka inni á fjósbás vangefinn mann eða geðveikan, hvað þá heldur að dauðamenn séu hand- og fóthöggnir áður en aftakan fer fram. Það eru ekki einu sinni tvær aldir síðan banamenn Natans Ketilssonar voru hálshöggvin í Vatnsdalshólum. Og okkur hryllir við tilhugsuninni. En einnig þá hryllið marga við tilhugsuninni. Það voru hugsjónamenn síns tíma sem tóku að berjast fyrir því að aftökur skyldu aflagðar. Þegar nógu margir voru orðnir sama sinnis og þeir voru atfökur bannaðar með lögum svo og pyntingar. *Baráttu þeirra hafði borð árangur. Hefðu þessir menn kosið að þegja og fylgja fjöldanum væru dauðarefsingar enn við lyði á Íslandi.*

Í hópi okkar kvenfrelsiskvenna er að finna margar konur sem hafa þessa þörf í ríkum mæli. Þess vegna erum við hér núna. Sumar hafa hana í ríkara mæli en aðrar því að hér er um að ræða mismunandi hæfilleika sem þroskast misvel hjá fólk. Ein er t.d. góð í músík, önnur í íþróttum o.s.frv. Sumar eru snillingar á sínu sviði, líka á hugsjónasviðinu, og fer það eftir ýmsu sem ekki er rúm hér til að ræða nánar. (Áhugasamar geta lestið sér til um það í áðurnefndri bók). Það eru þessar konur sem halda áfram í kvennabaráttu eftir að bernskuskeiðinu lýkur. Þær eru ódrepandi og halda alltaf áfram. Hér vil ég nefna Önnu Sigurðardóttur, rithöfund og heiðursdoktor við Háskóla Íslands og stofnanda Kvennasögusafns. Hún er ein af mörgum góðum fyrirmynnum mínum og eflaust margra fleiri hér inni, baráttukona sem aldrei gefst upp en fer eigin lefðir í kvenfrelsibaráttunni. Það er einmitt þetta fólk sem raunverulega breytir heiminum. Og eignum við ekki að telja sjálfar okkur í þeirra hópi? Við erum ekki að vinna til einskis. Starf okkar er ekki unnið fyrir gýg. Það skiptir máli að fara á kvennalistafund og það skiptir máli að skrifa og tala um kvenréttindi og kvenfrelsi. Starfið hér um helgina mun bera ávoxt. Við erum að stiga skrefi lengra en foreldrar okkar gerðu. Við höfum þegar bætt heiminn umtalsvert. Sigmund Freud, sem stundum er nefndur faðir sálfræðinnar, taldi að siðgæðisvitund manna þráðist vegna ótta við refsingar. Væri það rétt yrðu börn aðeins óbreytt framlenging af foreldrum sínum. En þetta er ekki rétt. Það er vegna elsku og ástúðar þeirrar sem ríkir milli móður/foreldra og barns að siðgæðisvitund manna þroskist, siðgæði á háu stigi er þess eðlis að menn færa það yfir á viðara svið. Siðgæðisvitund hugsjónamanna er á því stigi.

Mér býður í grun að nú fari í hönd erfitt reynslutímabil hjá Kvennalistanum. Mér virðist sem hann sé um það bil að komast í fullorðinna kvenna tölu. Og hættunar eru margar fyrir hreyfingu sem er

bæði hugsjónahreyfing og pólitiskur flokkur með öllu sem því fylgir. Úr því að Kvænnalistinn er pólitiskur flokkur eru hagsmunir í veði fyrir margar konur. Einnig frægð og frami og jafnvel ráðherrastólar. Fer ekki að verða kapphláup um hugsanleg þingsæti? Hingað til virðist fáum ef nokkrum hafa tekist að láta þetta hvort tveggja fara saman, þar sem fjárhagslegur ávinningur er mikill fyrir einstaklinga er erfitt ef ekki ógerlegt að halda saman hugsjónabaráttu.

Eins og áður segir dó Rauðsokkahreyfingin á unglingsaldri og dauði hennar var óhjákvæmilegur. Henni tók að hraka verulega þegar annarleg öfl komu í hreyfinguna og reyndu að nota hana sjálfum sér og málstað sínum til framdráttar. Innan hreyfingarinnar voru þá enn nokkrar konur sem ekki göfðu glatað hugsjóninni og vildu finna sér annan farveg ef ekki yrði auðið að rétta hreyfinguna við. Og það tókst. Málstaðurinn lifði þó að hreyfingin dæi. Mér var ekki eftirsjá að hreyfingunni úr því sem komið var, hún gat ekki þroskast með eðlilegum hætti og orðið fullorðin.

Mér heyrist að kvænnalistakonur tali oft um að nú séum við á krossgötum, við finnum það allar. Vor bernskunnar er að baki, tími sáningaráðsins er líðinn, en hvað tekur við? Verður sumarið gott og gróskumikið eða kemur kuldakast sem slær haustlitum á gróðurinn um miðjan júlí? Það er undir okkur sjálfum komið, hvernig við hlúum að hugsjóninni - málstað kvenfreisis og mannréttinda. Það er á okkar valdi hvort við látum þreytu og leiða hafa yfirhöndina eða höldum áfram ótrauðar þó að nokkrar steinvölur séu á veginum. Við þurfum ekki að vera svo margar þó að vissulega megum við ekki heldur verða alltof fáar. Sjálfsgagt munu nokkrar draga sig í hlé innan tíðar og jafnvel hætta alveg en ég er þess fulliviss að þær séu nógum margar, íslensku konurnar, sem hafa hina sálrænu þörf fyrir síðræna hegðun, réttlæti, heilindi og heiðarleika í það ríkum mæli að nægi til að halda hreyfingunni gangandi. Ekkert annað réttlætir tilveru hennar.

En eru konur þá nokkuð betur í stakk búnar en karlar til að breyta heiminum? Þörfin fyrir síðræna hegðun er ekki kynbundin og margir karlar hafa unnið þrekvirki á þeim svíðum. Hins vegar verður þessi þörf til í samskiptum móður og barns og þess vegna má segja að hún lærist hjá konum og sé grundvöllur kvennamenningar eða feminísmi. Samviskan verður til í þeim samskiptum en ekki fyrir tilverknað yfirsjálfssins sem Freud nefndi svo. Við þurfum engan ytri síðgæðisvörð til að taka í taumana. Við fáum samvisku og síðræna hegðun beint í æð með móðurmjólkinni vegna þess að frumaflid í manneólinu er *kærleikur en ekki árásargirni*. Samviskan er ekki eitthvað afstætt og breytilegt frá einum tíma til annars. "Samviskan veit nákvæmlega hvers konar hegðun er síðræn og hvers konar hegðun er það ekki. Hún er ófær um spillingu og

sjúkleg einkenni fyrirfinnast þar ekki", segir Eli Sagan. (14). Þessi frumkraftur sameinar en sundrar ekki og "i upphafi var ástin", segir franski rithöfundirinn Julia Kristeva.

Þetta er kvennamenning eða feminismi, fyrst og fremst. Það er okkar að varðveita þessa menningu, útbreiða hana og bæta. Það er okkar kvenna að bægja burtu grimmdu og hörku, ekki aðeins heima fyrir heldur líka í stofnunum þjóðfélagsins, pólitík og annars staðar. Karlamenningin hefur hlaðið marga múra á umliðnum öldum og árbúsundum. Stundum verða múnarnir afar sýnilegir eins og Berlinarmúrinn. Ástæðan fyrir allri þessari mürhleðslu er ótti og vanmáttarkennd. Varnarhættir, segir sálfræðin. Skortur á kærleika og trausti til annarra manna. Um leið og konur koma á vettvang falla múnarnir eða er ekki svo? Hvers vegna er að verða þiða svo víða í heiminum? Ég nefndi það fyrr í þessu erindi að hlýja hefði aukist í ýmsum stofnunum þegar konur komu þar á vettvang, t.d. í skólum og á sjúkrahúsum. Nú eru áhrif kvenna að koma í ljós einnig í pólitíkum samskiptum þjóða í milli. Er ekki árangur kvennabaráttunnar stórkostlegur?

þroski.

En lífið er ekki eintómur dans á rósum fyrir hugsjónakonur og karla núna. Svo virðist sem nokkur tvískinnungur ríki eða tvöfeldni. Eli Sagan skiptir sögunni í tímaskeið og telur að við séum núna á skeiði tvískinnungs eða tvöfeldni þar sem fátt skiptir máli, fátt spennandi sé framundan og flest að baki að því er virðist. Nokkurs konar tómarum er í sálinni og tilgangsleysi virðist blasa við. Einig sé um að ræða e.k. andlega þreytu. Slik liðan gerir vart við sig þegar menningin er á tímamótum, eitt skeið er að taka við af öðru. Þá getur gripið um sig e.k. unglingsaveiki en það gengur yfir. Mestu skiptir þá í hvaða farveg lífskraftinum verður beint þegar aftur færst lif í menninguna. Margt bendir til að það verði í verkahring kvenna um allan heim að beina straumnim í góðan farveg. Kannski höfum við kvenfrelsiskonur á Íslandi nokkurt forskot vegna óvenjulegra leiða sem Kvennalistinn hefur farið? Að minnsta kosti er ábyrgð okkar mikil og íslenskra kvenna yfirleitt. Konur hafa alls staðar verið að rífa niður múra, losa um, mýkja og græða. Til þess þarf ekki vopn og verjur, aðeins hlýju og kærleika. (Þær sem vilja lesa frekar um þetta er bent á bls. 227 og 231 í áðurnefndri bók).

Reynist þetta rétt held ég að stutt sé í þroskaskeiðið hjá mörgum konum, tæplega fyrir Kvennalistann í heild, til þess er hann of ungur að árum. Hins vegar er líklegt að íslensk kvennabaráttu - hugsjónabaráttan sem formæður okkar hófu fyrir 100 árum - sé að komast á þetta stig. Kannski eru nógur margar konur komnar á það stig og þá má fara að segja hluti sem ekki má segja og þjóðfélagið þolir ekki ennþá. Þessar konur (og e.t.v.

kariar líka) geta farið að segja öll góðu orðin sem ekki má segja, orðin sem eru nánast bannorð í málínu nema við sérstök og viðurkennd tækifæri. Það þykir sjálfsgagt í ræðu og riti að tala um hatur, grimmð, ofbeldi og illsku en ekki um góðsemi, kærleika, hlýju og ást. Slíkt eiga heist ekki aðrir en prestar að nefna og þá aðeins í stólræðum. Freud velti mikil fyrir sér illsku mannanna og komst að þeirri niðurstöðu að árásargirni og dauðahvöt væri ríkasti drátturinn í mannlegu eðli. Hann rannsakaði ekki eins vel ástarþörfina, þ.e. þörf manna til að veita öðrum ást og umhyggju. Hann talaði gjarnan um þessi tvö öfl i mannssálinni sem Eros (ástarguðinn) og Thanatos (guð eyðileggingarinnar) og taldi að Thanatos myndi hafa betur. Á efri árum sínum tók hann að gera Erosi örliðið hærra undir höfði þó að ekki kæmist hann jafnfætis Thanatosi. Ég held að nú sé komið að konum að styðja Eros af öllum mætti. Það sé næsta skrefið hjá okkur. Við skulum taka hann í fangið, þennan fallega vængjaða guð ástar, sameiningar og kærleika og sleppa honum lausum, leyfa honum að fljúga frjálsum um heim allan. Við konur höfum þegar breytt hinum ytri ramma margra stofnana en nú er komið að kjarnanum, sjálfu hjartanu. Með hjálp Erosar mun það fá meira svigrúm en hingað til. Og með hjálp hans munum við að lokum vinna bug á því kvenhatri sem enn er of ríkjandi meðal manna. En það er um leið bæling og afneitun á þeim siðferðilegu gildum sem gera okkur að mönnum, þeim siðferðilegu gildum sem iærast í samskiptum móður og barns. (118).

Ég ætla að lokum að ítreka að kvennabarátta er fjarri því að vera árangurslítill. Eli Sagan er einnig bjartsýn þó að hún sjái mörg hættumerki á lofti. Hún telur konur þegar hafa mykt karla mikil og segir marga hafa þegar tekið á sig nokkra ábyrgð á "mjúku gildunum". Ég vil enda erindi mitt á lokaorðum bókar hennar: "Ef konur láta ekki undan og neita að gefa baráttu sína upp á bátinn og ef karlar halda áfram að taka á sig ábyrgð á umönnun fólks og jafnvel auka hana þá kann svo að fara að Eros vinni í kappblaupinu við Thanatos. Þegar allt kemur til alls erum við á þeyisispretti til að bjarga lífinu". (246).